

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2009
Tilvísun: UST20081200056/bs

Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng. Frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Grafin verða jarðgöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar í Fjarðabyggð. Jarðgöngin verða 6,9-7,8 km löng og beggja vegna þeirra verða lagðir nýir vegir samtals 7,2-8 km að lengd.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar verði fyrst og fremst innst í Norðfjarðardal. Hér er um að ræða áhrif á landslag, áhrif á vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og áhrif á útivist. Einnig þarf að huga að mengunarhættu við grannsvæði Vatnsveitu Norðfjarðar og við Norðfjarðará sérstaklega á framkvæmdartíma.

Áhrif í Eskifirði:

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við veglínu í Eskifirði: Á um 200 metra kafla milli stöðva 500-700 liggur vegurinn um leirur, en leirur eru vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt sé að breyta legu vegarins þannig að ekki þurfi að leggja veginn um leirur í botni Eskifjarðar.

Fyrirhugaður vegur mun liggja um brunnsvæði vatnsbólks Eskifjarðar. Ráðgert er að endurskipuleggja umrætt vatnsverndarsvæði eða jafnvel leggja það niður. Ef það gengur eftir mun fyrirhuguð framkvæmd ekki hafa áhrif á vatnsverndarsvæði í Eskifirði.

Haugsetning: Ráðgert er að haugsetning verði einungis í Eskifirði. Um er að ræða 120-230 þús. m³. Stærstur hluti efnisins verður haugsettur innan við gangnamunnann til síðari nota. Umhverfisstofnun telur að við haugsetningu efnisins verði jafnframt hugað að því hvernig best verði staðið að efnistöku úr haugnum að framkvæmdum loknum þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Núverandi vegur: Ráðgert er að láta núverandi veg um Oddsskarð standa óbreyttan að framkvæmdum loknum, enda mun vegurinn nýtast sem aðkoma að skíða- og útivistarsvæðum.

Áhrif í Norðfirði:

Umhverfisstofnun telur að gerð jarðganga samkvæmt jarðgangaleið 2 og veglagning henni samfara í Fannardal muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Veglagning og jarðgangagerð í Fannardal mun hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og útivist auk þess getur framkvæmdin haft verulega neikvæð áhrif á vatnsból. Auk þess mun jarðgangaleið 2 til viðbótar hafa neikvæð áhrif í innsta hluta Norðfjarðardals, sömu áhrif og jarðgangaleið 1. Fyrirhugaður vegur innst í Norðfjarðardal mun liggja um svæði þar sem ekki hefur fyrr verið mannvirkjagerð af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Mannvirkið og það ónæði sem umferð fylgir veldur óhjákvæmilega verulegum breytingum á ásýnd og "eðli" svæðisins. Auk áhrifa á landslag getur veglagningin haft áhrif á ýmsa aðra þætti. Þar á meðal eru áhrif á votlendi, en þau teljast til vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd, lífríki Norðfjarðarár og fuglalíf. Einnig hefur framkvæmdin áhrif á svæði 609 á náttúruminjaskrá Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir, en meðal náttúruverndargilda þess er m.a. að svæðið er talið gott útivistarland.

Í frummatsskýrslu er fjallað um 5 mögulegar veglínur í tengslum við jarðgangaleið 1. Sérhver þessara valkosta hefur áhrif á einn eða fleiri fyrrnefndra þátta.

Vatnsvernd og möguleg áhrif á lífríki Norðfjarðarár.: Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvernig staðið verði að hreinsun vatns úr jarðgöngum í Norðfirði við venjulegar kringumstæður og ef verulegur vatnsagi verður í göngunum. Í all nokkrum tilvikum hafa við jarðgangagerð opnast vatnsæðar í jarðgöngum og í þeim tilfellum þar sem vatnsagi hefur verið mikill hefur í sumum tilfellum reynst erfitt að hreinsa vatnið á fullnægjandi hátt. Stofnunin telur að gera eigi grein fyrir hvernig vatni úr göngunum verði beint frá brunnsvæði og það hreinsað áður en það berst í Norðfjarðará.

Leiðir 1A, 1B og 2A liggja um varavatnsból Norðfirðinga. Vatnsbólið verður lagt af áður en framkvæmdir hefjast því þarf ekki að huga að vatnsvernd á umræddu svæði við mat á umhverfisáhrifum lagningar Norðfjarðarvegar um Norðfjarðará.

Umhverfisstofnun hefur á fyrri stigum matsferlis lagt áherslu á umfjöllun um útivistargildi Fannardals og svæðis nr. 609 á náttúruminjaskrá sem nefnist Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir, en náttúruverndargildi svæðisins er lýst þannig: "Kjarri vaxnar hlíðar og mikið framhlaup, þ.e. Hólahólar, með lífríkum smátjörnum. Gott land til útivistar."

Ljóst er að veglagning um fyrrnefnd svæði mundi rýra gildi þeirra sem útivistarsvæði, bæði vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa, en ekki síður vegna þess ónæðis sem umferð óhjákvæmileg hefur í för með sér.

Valkostur framkvæmdaaðila skv. frummatsskýrslu er að umræddur vegur verði lagður sunnan Norðfjarðarár samkvæmt leið 1A. Veglagning á þessum stað hefði væntanleg minnst áhrif á náttúruverndargildi fyrrnefnds svæðis á náttúruminjaskrá. Hins vegar eru á þeirri leið þrjú mýraflákar sem hver um sig er stærri en 3 ha. Samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt sé að leggja veginn neðar í hlíðina ef unnt væri með því móti að draga úr raski á mýrlendi og jafnframt draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkisins.

Í frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaaðili hyggst endurheimta jafn stórt votlendi og raskast við framkvæmdina sem mótvægisáðgerð.

Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi koma á framfæri því sjónarmiði að kannað verði hvort þær aðferðir sem framkvæmdaaðili hefur notað við framkvæmd endurheimtar og staðaval hafi skilað tilætluðum árangri.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun í frummatsskýrslu um mismunandi leiðir og samanburð þeirra með miklum ágætum.

Áhrif á fugla: Allar veglínur koma til með að hafa áhrif á fugla á framkvæmdatíma og til frambúðar vegna umferðar. Búsvæða skerðast sem nemur þeim svæðum sem fara undir mannvirki. Helstu áhrif á fugla verða líklega vegna truflunar á framkvæmdatíma. Talið er að áhrif á fugla verði talsverð á framkvæmdatíma.

Áhrif á gróður: Engar tegundir á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum eru á válista og er gróðurfur talið nokkuð dæmigert fyrir svæði með svipuðum plöntusamfélögum.

Tún og mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki rétt að fjallað sé um tún með sama hætti og náttúrufrýrbæri við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Dæmi úr umræddri frummatsskýrslu: "*Allar skoðaðar leiðir raska túnnum á kafla....Áhrif framkvæmdarinnar á tún eru varanleg...*"

Tún er í eðli sínu land sem er umbylt með reglulegu millibili til að viðhalda einsleitu gróðurfari og tryggja sem mesta uppskeru. Umhverfisstofnun telur að frekar ætti að fjalla um tún og áhrif á landnotkun út frá efnahagslegum forsendum, nema í þeim tilfellum þar sem talið er að ákveðin tún hafi verndargildi, t.d. sem menningarminjar. Stofnunin telur að umfjöllun um umhverfisáhrif verði ómarkvissari ef fjallað er um ræktað land með sama hætti og náttúrufrýrbæri sem leitast er við að viðhalda eins lítt breyttum og kostur er.


Núverandi vegur: Ráðgert er að láta núverandi veg um Oddsskarð standa óbreyttan að framkvæmdum loknum, enda mun vegurinn nýtast sem aðkoma að skíða- og útivistasvæðum. Umhverfisstofnun telur jákvætt að við mat á umhverfisáhrifum vegaframkvæmda komi fram skýrar hugmyndir um afdrif eldri samgöngumannvirkja eins og í því tilviki sem hér um ræðir.




Niðurstaða: Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði á fjögurra kílómetra kafla innst í Norðfjarðardal. Áhrifin verða mismunandi eftir því hvort vegurinn verður lagður norðan eða sunnan Norðfjarðarár. Gróðurfar er ekki talið sérstakt og munu áhrif á gróið land ekki verða umfram það sem tíðkast við framkvæmdir af þessu tagi. Sem mótvægisáðgerð verður jafnstórt svæði og raskast við framkvæmdina grætt upp. Leirur (í Eskifirði) og votlendi mun verða raskað við fyrirhugaða framkvæmd. Hvorttveggja eru vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggur til að legu vegarins verði breytt á þeim stöðum þar sem hætta er á að þessi vistkerfi verði skert til að forðast röskun þeirra, þrátt fyrir að ráðgert sé að endurheimta jafnstórt votlendi og það sem raskast við fyrirhugaða framkvæmd. Áhrif á fugla verða líklega mest á framkvæmdatíma. Einnig gæti vatn úr jarðgöngum haft áhrif á lífríki Norðfjarðarár. Áhrif á landslag verða varanleg. Draga má verulega úr sjónrænum áhrifum með góðri hönnun og góðum frágangi. Áhrif á útivist verða varanleg. Veglagning samkvæmt leið 1 sunnan Norðfjarðarár mun að líkindum ekki hafa áhrif á útivist í Fannardal. Áhrif á útivist á svæðinu Kirkjubólsteigu, Hólar og Tandрастаðir verða minni en ef vegur væri lagður norðan Norðfjarðarár.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfiáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri